



Innflytjendur, erlendir ríkisborgarar og flóttafólk árið 2023

SKÝRSLA FJÖLMENNINGARDEILDAR VINNUMÁLASTOFNUNAR
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Mannfjöldi á Íslandi árið 2023	4
Fjöldi innflytjenda og annarra af erlendum uppruna.....	4
Fjöldi innflytjenda eftir uppruna og kyni.....	5
Fjöldi innflytjenda eftir búsetu	6
Erlendir ríkisborgarar og ríkisfangslausir	6
Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir búsetu.....	7
Erlendir ríkisborgarar eftir aldri	7
Nýir íslenskir ríkisborgarar	7
Íslenskupróf til ríkisborgararéttar	8
Samanburður við Norðurlönd	8
Umsóknir um vernd og veiting leyfa.....	9
Umsóknir um alþjóðlega vernd og verndarveitingar	9
Dvalarleyfisveitingar	9
Málefni flóttafólks	10
Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd	10
Fylgdarlaus börn	10
Vinnumiðlun og virkni flóttafólks á vegum	
Vinnumálastofnunar.....	11
Samræmd móttaka flóttafólks	11

Vinnumarkaðurinn	12
Atvinnuþátttaka.....	12
Atvinnuleysi og staða á vinnumarkaði	13
Atvinnuleyfi	14
Starfsmannaleigur og þjónustufyrirtæki	14
Menntun og tómstundir	15
Leikskóli	15
Grunnskóli.....	16
Framhalds- og háskólar	17
Skólar sem bjóða upp á deildir eða sérnám fyrir ungmenni	
af erlendum uppruna	18
Framhaldsfræðslan, raunfærnimat og íslenskunámskeið ...	18
Mat á námi	18
Tómstundir barna	18
Ofbeldi	19
Annað	20
Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA)	20
Rauði kross Íslands	20
Málefni döff fólks	20
Ráðgjafarþjónusta fyrir innflytjendur.....	20
Þróunarsjóður innflytjendamála	20
Heimildaskrá	21

INNANGANGUR

Í þessari skýrslu eru teknar saman tölfraðilegar upplýsingar um innflytjendur, erlenda ríkisborgara og flóttafólk á Íslandi árið 2023. Þessir hópar eiga ýmislegt sameiginlegt en einnig er fjölmargt sem skilur þá að og er hér reynt að varpa ljósi á stöðu þessara mismunandi hópa með skýrum hætti.

Árið 2023 var sérstakt ár á sviði fjölmenningar fyrir margar sakir. Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgaði um 10% í heildina frá því árinu áður og innflytjendur voru 18,2% af heildarmannfjölda á Íslandi. Áhrifa innrásar Rússa í Úkraínu gætti enn verulega og fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Venesúla náði hámarki. 77% umsækjenda um vernd kom frá þessum tveimur löndum. Hröð fjölgun umsækjenda um vernd og þeirra sem fengu hér mannúðarleyfi hafði mikil áhrif á þær stofnanir og samtök sem koma að málefnum flóttafólks og er óhætt að fullyrða að álag hafi verið mikið.

Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum og reglugerðum varðandi fólk af erlendum uppruna og þá þar helst nefna breytingar á [lögum um dvalarleyfi útlendinga](#) og [tvær nýjar reglugerðir settar varðandi málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd](#). Þær snúa að fjárhagsaðstoð við sjálfviljuga heimför útlendinga og skilgreiningu á hugtakinu „sérstök tengsl“ útlendings við landið. Félags- og vinnamarkaðsráðuneytið samdi við Rauða krossinn á Íslandi um neyðaraðstoð við umsækjendur um vernd sem hafa fengið endanlega synjun.

Breytingar voru gerðar á [lögum um atvinnuréttindi útlendinga](#). Sú breyting var einnig gerð að einstaklingar með [dvalarleyfi af mannúðarástæðum fengu sjálfkrafa atvinnuleyfi](#).

[Aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu](#) var lögð fram á Alþingi í desember og [grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#) var birt í samráðsgátt í nóvember.

Ýmsar breytingar voru gerðar á þjónustu við innflytjendur og flóttafólks og má þar nefna [sameiningu Fjölmenningsseturs og Vinnumálastofnunar 1.apríl](#). [Alþjóðastofu á Akureyri](#) var hins vegar lokað.

Reykjanesbær og Vinnumálastofnun unnu [aðgerðaáætlun vegna dvalar umsækjenda um alþjóðlega vernd](#) í sveitarfélaginu sem samanstóð af 16 aðgerðum sem fólu meðal annars í sér margs konar tómstundaúrræði fyrir fólk á öllum aldri og opnun virknimiðstöðvar undir heitinu Klúbburinn.

Við heimildavinnu fyrir þessa skýrslu voru ýmsar áskoranir, m.a. við að afla samstæðra upplýsinga til samanburðar. Hagstofan hefur skilgreint hugtökin *innflytjendur*, *annarrar kynslóðar innflytjendur* og *aðra með erlendan bakgrunn* en ekki allir opinberir aðilar og samtök styðjast við þær skilgreiningar. Algengt er að einungis erlendir ríkisborgarar komi fram í tölfraði en ekki aðrir hópar og í sumum tilfellum er ekki til neitt tölulegt efni um fólk af erlendum uppruna. Sum staðar er fjallað um fjölda einstaklinga eftir fæðingarlandi sem er ekki sami hópur og sá sem er með erlent ríkisfang. Móðurmál viðkomandi er líka stundum notað til viðmiðunar og enn annars staðar er talað um fólk af erlendum uppruna eða með erlendan bakgrunn án þess að skilgreining fylgi. Enn annars staðar skekkir fjöldi ferðamanna tölur. Þær upplýsingar þóttu villandi og var því sleppt. Í skýrslunni stuðst við skilgreiningar þeirra sem setja fram frumupplýsingarnar nema annað sé tekið fram.

MANNFJÖLDI Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2023


Fjöldi innflytjenda og annarra af erlendum uppruna

Samkvæmt [samantekt Hagstofu Íslands](#) voru innflytjendur á Íslandi 69.691 eða rúmlega 18% mannfjöldans, þann 1. janúar 2024. Innflytjendur af annarri kynslóð voru 6.855. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 20,1% af íbúum landsins og hafði það hlutfall aldrei verið hærra. Einstaklingar með erlendan bakgrunn, annan en innflytjendur, voru um 7% mannfjöldans. Er hér stuðst við [skilgreiningar Hagstofu Íslands](#) á þessum hópum:

„Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.“

Aldursdreifing hópsins er ólík því sem gerist á meðal fólks með íslenskan bakgrunn. Í ársbyrjun 2024 voru flestir innflytjendur á aldrinum 25-49 ára og hlutfallslega fáir teljast til eldri borgara. Innflytjendur 65 ára og eldri eru um 2.700 manns en rúmlega 10.500 manns eru á aldrinum 50-64 ára.

Mannfjöldi eftir bakgrunni 2020-2023



Aldursdreifing eftir bakgrunni 1.jan 2024 - Hlutfall af hverjum hópi

Aldur	Enginn erlendur bakgrunnur	Önnur kynslóð	Innflytj
0-17 ára	21,6%	87,8%	7,7%
18-24 ára	8,3%	7,9%	9,9%
25-49 ára	30,9%	2,7%	63,1%
50-64 ára	19,0%	0,8%	15,3%
65+ ára	20,2%	0,8%	4,0%
	100,0%	100,0%	100,0%

Heimild: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px Hagstofa Íslands, 2025

Fjöldi innflytjenda eftir uppruna og kyni

Pólverjar voru langfjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi þann 1. janúar 2024. Samkvæmt Hagstofunni voru pólskir innflytjendur 22.394 eða 32,1% allra innflytjenda. Þar á eftir komu einstaklingar frá Úkraínu (5,3%) og Litháen (5,1%).

Þegar fæðingarlandi er flett upp í talnagrunni Hagstofunnar kemur í ljós að af 10 fjölmennustu hópunum eru 7 frá Evrópu og Bandaríkjunum. Fjórir fjölmennustu hóparnir sem eru allir frá Evrópu töldu samtals 29.266 einstaklinga eða 53,7% af öllum innflytjendum.

Innflytjendur eftir fæðingarlandi

Alls	69691	
Pólland	22394	32.1%
Litháen	3559	5.1%
Rúmenía	2973	4.3%
Úkraína	3664	5.3%
Filippseyjar	2470	3.5%
Lettland	2217	3.2%
Þýskaland	1477	2.1%
Taíland	1233	1.8%
Venesúela	1362	2.0%
Bandaríkin	1283	1.8%
Víetnam	1546	2.2%

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Pólskir karlar voru 33,8% allra karlkyns innflytjenda eða 12.737 af 37.691. Litháískir karlar voru næst fjölmennastir (5,9%) og síðan komu karlar með uppruna frá Rúmeníu (5,5%). Pólskar konur voru 30,2% kvenkyns innflytjenda, næst á eftir þeim komu konur frá Úkraínu (6,6%) og þá konur frá Filippseyjum (5,1%).

Á meðal innflytjenda og annarrar kynslóðar voru skráðir 18 kynsegin einstaklingar, eða 0,03%. Þetta er sama hlutfall og kynsegin íbúar landsins í heild. Talan er það lág að hún birtist ekki í yfirliti yfir skiptingu kynja.

Töluverð skekkja er í kynjahlutföllum eftir uppruna innflytjenda. Hér eru nokkrir hópar teknir út þar sem þetta er áberandi og er hærri fjöldi einstaklinga skyggður.

Innflytjendur eftir kyni - höfðatala	Karlar	Konur
Ísland	152035	148420
Pólland	11800	8995
Litháen	2035	1297
Rúmenía	1788	792
Úkraína	1021	1533
Filippseyjar	764	1539
Lettland	1330	718
Þýskaland	464	956
Bretland	712	360
Taíland	265	951
Venesúela	637	577
Portúgal	735	397
Kína	189	307
Rússland	164	349

Heimild: Talnagrunnur Hagstofu Íslands, 2025

Fjöldi innflytjenda eftir búsetu

1. janúar 2024 bjuggu 49.433 fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu eða 64,2% allra innflytjenda á landinu. Hlutfall innflytjenda var hæst á Suðurnesjum en þar voru 31,5% íbúa innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð. Næsthæst var hlutfallið á Vestfjörðum þar sem 23,8% mannfjöldans voru innflytjendur. Lægst var hlutfallið á Norðurlandi vestra en þar voru 10,6% mannfjöldans innflytjendur.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Erlendir ríkisborgarar og ríkisfangslausir

Nýskráningar erlendra ríkisborgara hjá Þjóðskrá árið 2023 voru 13.480 og þann 1. janúar 2024 voru 63.528 erlendir ríkisborgarar búsettir í landinu. Var það um 10% aukning milli ára og var hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda 16,6%.

Samkvæmt frétt Hagstofu Íslands voru Pólverjar fjölmennastir eða 22.693 og næstir Litháar (5.563). Rúmenar voru í þriðja sæti (2.992) og Úkraína var í því fjórða eða 3.704. Ríkisfangslausir einstaklingar voru 37.

Á árinu jókst fjöldi erlendra ríkisborgara hjá sumum þjóðernum meira en öðrum. Í því samhengi eru nokkrar breytingar áhugaverðar þegar þær eru bornar saman við almenna fjölgun fólks. Hér eru þjóðernin flokkuð eftir fæðingarlandi. Athugið að þetta yfirlit nær ekki yfir öll stærstu þjóðernin, heldur þau sem sýna hæstu prósentulegu hækkunina eða áberandi mikinn mun á fjölgun karla og kvenna.

Fjölgun íslenskra og erlendra ríkisborgara 2022 – 2024 eftir fæðingarlandi

Upprunaland	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2023	Fjölgun 2021-2023	Fjölgun karlar	Fjölgun konur
Ísland	299,517	300,565	301,931	0.8%	1.0%	0.6%
Pólland	18,764	20,833	22,431	20%	22%	17%
Úkraína	468	2,597	3,704	691%	742%	658%
Rúmenía	1,977	2,598	2,992	51%	57%	39%
Lettland	1,806	2,059	2,229	23%	29%	13%
Víetnam	1,053	1,208	1,602	52%	58%	47%
Venesúela	548	1,221	1,371	150%	160%	140%
Sýrland	462	651	771	67%	64%	71%
Indland	512	658	746	46%	49%	42%
Ungverjaland	496	647	732	48%	44%	52%
Grikkland	290	432	567	96%	93%	100%
Moldóva	269	395	522	94%	93%	96%
Palestína	132	300	492	273%	259%	308%
Afganistan	219	315	367	68%	57%	84%
Ghana	204	249	307	50%	53%	48%
Sómalía	121	158	201	66%	50%	100%
Pakistan	123	135	182	48%	40%	68%
Alls	364,917	375,218	383,726	5%	6%	4%

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir búsetu

Hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara var á Suðurnesjum eða 26,8%. Næst komu Vestfirðir með 20,1%.

Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir landsvæðum 1. janúar 2024 (%)

Alls	16,6%
Höfuðborgarsvæði	16,2%
Suðurnes	26,8%
Vesturland	14,9%
Vestfirðir	20,1%
Norðurland vestra	9,7%
Norðurland eystra	9,9%
Austurland	16,8%
Suðurland	17,1%


Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Erlendir ríkisborgarar eftir aldri

Það gildir hið sama um erlenda ríkisborgara og innflytjendur að aldurdreifing er ólík því sem gerist meðal fólks af íslenskum uppruna. Langstærsti hópurinn er á aldrinum 20 – 49 ára.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Nýir ríkisborgarar eftir aldri 2023



Nýir íslenskir ríkisborgarar

Árið 2023 fengu 649 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt. Það er fækkun frá árinu 2022 þegar 706 einstaklingar bættust í hóp íslenskra ríkisborgara. Af þeim 649 einstaklingum sem fengu íslenskt ríkisfang 2023 höfðu langflestir áður verið með pólskt ríkisfang eða 156 og næstflestir verið með ríkisfang frá Taílandi (40). 344 konur voru í hópnum og 305 karlar.

Veitt íslenskt ríkisfang eftir fyrra ríkisfangi árið 2023

	Fjöldi
Pólland	156
Taíland	40
Filippseyjar	32
Víetnam	32
Norðurlönd	32
Eystrasaltslönd	29
Bretland	22
Rússland	21
Spánn	17
Bandaríkin	17
Sýrland	17
Íran	14
Albanía	12
Þýskaland	11
Indland	10
Annað	187

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Íslenskupróf til ríkisborgararéttar

Á vorönn 2023 þreyttu 409 manns íslenskupróf vegna ríkisborgararéttar og stóðust 89% prófið. Prófin voru haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Á haustönn tóku 391 prófið og stóðust 85%. Prófin voru þá haldin í Reykjavík og á Akureyri.

Heimilid: [Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 2025](#)




Samanburður við Norðurlönd

Lýðfræðileg samsetning fólks af erlendum uppruna á Norðurlöndum er mjög fjölbreytileg og ólík frá landi til lands með tilliti til upprunalanda innflytjenda, ástæðna flutninga og aldursdreifingar. Landfræðileg lega landanna spilar líka inn í sbr. mikinn fjölda fólks frá Rússlandi í Finnlandi. Hlutföll milli fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda eru líka mjög mismunandi. Í Danmörku er t.d. fólk af tyrkneskum uppruna fjölmennast ef litið er til tveggja kynslóða en Pólverjar fjölmennastir ef bara er horft á innflytjendur (fólk fætt utan landsins og foreldrar þeirra líka). Í Svíþjóð voru 26,3% innflytjenda frá Sýrlandi, Írak, Íran, Sómalíu, Eritreu og Eþíópíu árið 2023. Í umfjöllun og samanburði milli landanna gleymist oft að taka þessi atriði til greina en staða Íslands er óvenjuleg í þessu samhengi þar sem 47% innflytjenda eru frá Evrópu.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hversu mismunandi hlutfall íbúa sem fæddir eru erlendis hefur aukist frá aldamótum á Norðurlöndunum. Þar má glögglega sjá hversu ólík hinum löndunum stigandin hefur verið á Íslandi.

Hlutfall íbúa á Norðurlöndum sem fæddir voru erlendis



Heimilid: [Hagstofa Íslands, 2025](#) og [Nordregio, 2025](#)

UMSÓKNIR UM VERND OG VEITING LEYFA

Umsóknir um alþjóðlega vernd og verndarveitingar

Samkvæmt [tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar](#) sóttu 4.155 einstaklingar um vernd á Íslandi árið 2023. Er það fækkun frá [árinu 2022](#) en þá sóttu fleiri um vernd en nokkru sinni áður eða 4.520. Munar þar helst um fjölda umsókna frá Úkraínu en þær voru 2.343 árið 2022 og 1.618 árið 2023. Hins vegar jókst fjöldi umsókna frá Venesúela úr 1.209 árið 2022 í 1.586 árið 2023.

Karlar á aldrinum 18-34 ára voru fjölmennastir eða 997 og svo konur á sama aldri eða 813. Flestir karlar í heild voru frá Úkraínu eða 1618 og næstflestir frá Venesúela eða 1586 einstaklingar. Börn voru um 20% hópsins.

412 einstaklingar fengu vernd á Íslandi en 981 var synjað. Flestum var synjað við efnislega meðferð frá Venesúela eða 763 og næstflestum frá Kólumbíu (38).

Veitt mannúðarleyfi vegna fjöldaflotta frá Úkraínu voru 1.560 en viðbótarvernd var veitt 232 einstaklingum, vernd 119 og mannúðarleyfi fengu 61. Þeir sem fengu vernd eftir efnislega meðferð voru því 412 samtals og voru flestir af þeim frá Palestínu eða 154. Karlmenn á aldrinum 18-34 ára voru stærsti hópur þeirra sem fengu veitingu við efnislega meðferð eða 142 einstaklingar.

Dvalarleyfisveitingar

Alls fengu 3.567 manns dvalarleyfi á Íslandi árið 2023. Þar af fengu 1.285 leyfi vegna fjölskyldusameininga, 694 vegna náms, 723 vegna starfa og 865 vegna annarra ástæðna. Í þessum hópi voru 1.790 karlar og 1.777 konur.

Heimilid: [Hagstofa Íslands, 2025](#)

Niðurstöður umsókna um alþjóðlega vernd 2023

Land	Alls umsóknir	Veitt vernd	Synjað í efnismeðferð	Ekki tekið til efnismeðferðar	Hafnað alls	Hlutfall hafnað	Hlutfall vernd
VE - Venesúela	1149	58	763	46	809	70.4%	5.0%
PS - Palestína	311	154		126	126	40.5%	49.5%
NG - Nígería	144	23	13	104	117	81.3%	16.0%
SO - Sómalía	117	18	34	58	92	78.6%	15.4%
IQ - Írak	55	1	15	33	48	87.3%	1.8%
CO - Kólumbía	58	2	38	1	39	67.2%	3.4%
SY - Sýrland	76	46	1	26	27	35.5%	60.5%
IR - Íran	47	19	4	21	25	53.2%	40.4%
AF - Afghanistan	57	30		24	24	42.1%	52.6%
UA - Úkraína	1623	1554		24	24	1.5%	95.7%
JO - Jórdanía	23	0	15	6	21	91.3%	0.0%
TR - Tyrkland	30	11	13	5	18	60.0%	36.7%
RU - Rússland	24	8	9	4	13	54.2%	33.3%
AL - Albanía	18	0	11		11	61.1%	0.0%
Önnur lönd	208	48	65	35	100	48.1%	23.1%

Heimilid: [Útlendingastofnun, 2025](#)

MÁLEFNI FLÓTTAFÓLKIS

Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Eins og fram kemur í [ársskýrslu Vinnumálastofnunar árið 2023](#) var mikil fjölgun á umsækjendum um alþjóðlega vernd yfir árið og var fjöldi umsækjenda í þjónustu Vinnumálastofnunar í upphafi árs 1.700 en í lok árs 2.880.

Vinnumálastofnun rak 23 búsetuúrræði víða um landið, flest á höfuðborgarsvæðinu (14) og næstflest í Reykjanesbæ (8). VMST starfrækti tvö þjónustuteymi með hjúkrunarvakt og félagsráðgjöfum.

Þrjú sveitarfélög voru með samninga við ríkið um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og var málafjöldi hjá Reykjavíkurborg að meðaltali 263, hjá Reykjanesbæ 63 og Hafnarfirði 117. Í nóvember 2023 voru 56 íbúðir og 2 hús á vegum Reykjavíkurborgar í notkun fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, tvö búsetuúrræði í Hafnarfirði og 15 í Reykjanesbæ.

Heimild: Vinnumálastofnun, Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær, 2025.





Fylgdarlaus börn

Fylgdarlausum börnum sem skráð voru fjölgaði mikið á árinu 2022 en fækkaði svo aftur 2023 og skýrist það m.a. með fjölda barna frá Úkraínu. Fjöldinn árið 2023 var alls 59. Meirihluti barnanna voru drengir eða um 78%. 85% barnanna voru eldri en 16 ára og 15% yngri.

Dreifing eftir upprunalandi var sem hér segir:

Heimild: BOFS, 2025




Vinnumiðlun og virkni flóttafólks á vegum Vinnumálastofnunar

Fjöldi flóttamanna sem skráðir voru í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2023 var alls 1544 einstaklingar, sem er 22% aukning frá árinu 2022. Flestir einstaklingar sem þáðu þessa þjónustu voru frá Úkraínu (710), næstflestir frá Venesúela (313) og 142 frá Palestínu. Á árinu hófu 812 úr þessum hópi störf og gerðir voru 126 starfsþjálfunarsamningar sem þýðir að tæplega 16% flóttamanna í þjónustu Vinnumálastofnunnar á höfuðborgarsvæðinu sem fóru í starf á árinu voru ráðnir með slíkum samningi. Samtals voru 2137 einstaklingar skráðir í vinnumarkaðsúræði eða þjónustu af einhverju tagi.

Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu greiddi fyrir um 3 þúsund pláss á íslenskunámskeiðum fyrir flóttafólk.

Á landsbyggðinni voru 926 flóttamenn skráðir í aðstoð við atvinnuleit, þar af 538 á Reykjanesi þar sem hlutfallslega flestir flóttamenn voru staðsettir. Rúmlega þriðjungur þeirra sem voru skráðir í þjónustu á landsbyggðinni voru komnir með starf í lok árs eða 336 einstaklingar.

Hlutfall íbúa á Norðurlöndum sem fæddir voru erlendis



Heimild: [Vinnumálastofnun, 2025](#)

Samræmd móttaka flóttafólks

Alls eru skráð 2.224 mál þar sem einstaklingum sem fengu veitta vernd var boðið í upplýsinga- og þarfagreiningarviðtöl til fjölmenningardeildar Vinnumálastofnunar. Þar af voru 1.816 einstaklingar paraðir við móttökusveitarfélag í samræmdri móttöku flóttafólks.

Flestir voru frá Úkraínu eða 1.522 einstaklingar, næstflestir komu frá Palestínu eða 212 einstaklingar, þá komu 132 einstaklingar frá Venesúela og 114 einstaklingar frá Sýrlandi.

Á árinu 2023 bættust 6 sveitarfélög við þau sem tóku þátt í samræmdri móttöku (Hornafjörður, Ísafjörður, Mosfellsbær, Vestmannaeyjar, Kópavogur og Borgarbyggð) og urðu sveitarfélögin þá samtals 14. Flestum einstaklingum var vísað til Reykjavíkurborgar, alls 960, og næstflestum til Hafnarfjarðar eða 271.

Fjöldi einstaklinga paraðir við móttökusveitarfélög árið 2023

Móttökusveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	960
Hafnarfjörður	271
Akureyri	131
Reykjanesbær	117
Kópavogur	77
Mosfellsbær	70
Garðabær	47
Árborg	30
Borgarbyggð	29
Múlaþing	21
Vestmannaeyjar	20
Ísafjörður	18
Akranes	17
Samtals	1808

Heimild: [Vinnumálastofnun, 2025](#)

VINNUMARKAÐURINN

Atvinnuþátttaka

Í skýrslu frá forsætisráðherra um árangur í móttöku og aðlögun erlendra ríkisborgara kemur fram að fjöldi starfandi innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði var í ágúst 2023 um 52.420 sem nemur um 23% af heildarfjölda starfandi innflytjenda á Íslandi. Einnig kemur fram að fjöldi starfandi innflytjenda hefur aukist nokkuð meira síðustu ár en fjöldi innlendra sem er starfandi. Í ágúst 2024 voru um 17.300 fleiri starfandi innflytjendur hér á landi en í sama mánuði 2017. Aukning meðal innlendra sem voru starfandi nam um 3.200 á sama tíma. Almenn atvinnuþátttaka á Íslandi er 82% og þykir það hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburða. Atvinnuþátttaka meðal innflytjenda var tæplega 87% og því nokkuð hærri en almenn atvinnuþátttaka.

Töluverður munur er á því í hvaða greinum innflytjendur starfa eftir uppruna og hvort þeir eru frá löndum innan eða utan EES.

Í skýrslunni er tekið fram að innflytjendur voru oftar ofmenntaðir en aðrir og að 42% innflytjenda hér á landi gegndu störfum sem ekki kröfðust sérstakrar menntunar þrátt fyrir að hlutfall þeirra innflytjenda sem hér býr og hefur ekki lokið sérstakri menntun sé aðeins 17%.

Fjöldi starfandi innflytjenda í ágúst 2023, greint eftir stvinnugreinum og bakgrunni

Atvinnugrein	EES	Utan EES
01. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	617	187
02. Framleiðsla, námuþróttur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	5.743	2.712
03. Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	5.184	941
04. Heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða	11.461	5.369
05. Upplýsingar og fjarskipti	271	376
06. Fjármála- og váttryggingastarfsemi	57	86
07. Fasteignaviðskipti	287	65
08. Ýmis sérhæfð þjónusta	4.492	1.611
09. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	2.915	5.077
10. Önnur starfsemi	1.064	893

Heimild: Forsætisráðuneytið, 2025



Atvinnuleysi og staða á vinnumarkaði

Almennt atvinnuleysi lækkaði á árinu 2023. Í ársbyrjun var almennt atvinnuleysi 3,7% en var komið niður í 3,6% í árslok og var að meðaltali 3,25% á árinu, samanborið við 3,9% árið 2022. Að meðaltali voru 3.468 einstaklingar með erlent ríkisfang á atvinnuleysisskrá, eða um 49,5% af heildarfjölda. Lægstur var fjöldinn í júlí eða 2.889 (48% allra atvinnulausra) og mestur í desember eða 3.995 einstaklingar (55%).

Langtímaatvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara jókst og voru innflytjendur 32% þeirra sem höfðu verið á atvinnuleysisskrá lengur en 12 mánuði.


Töluverður munur er á því í hvaða atvinnugreinum erlendir og íslenskir ríkisborgarar starfa og sést það best á greinum sem atvinnuleitendur koma úr.

Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku býr fjöldi innflytjenda við fátækt hér á landi. Í skýrslu forsætisráðherra frá 2023, *Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður*, kemur m.a. fram að innflytjendur ásamt einstæðum foreldrum eru líklegri en aðrir til að vera með tekjur undir lágtekjumörkum í lengri tíma en þrjú ár.

Í skýrslu Vörðu, rannsóknastofnunnar vinnumarkaðarins um könnun sem gerð var á meðal félagsmanna ASÍ og BSRB í janúar 2024 kemur m.a. fram að fjórða árið í röð á tæplega helmingur innflytjenda erfitt með að ná endum saman, býr við herra hlutfall á skorti og tæplega helmingur býr við slæma andlega heilsu. Þriðjungur innflytjenda hefur orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra er með menntun á háskólastigi en lægra hlutfall hefur fengið menntun sína metna á Íslandi. Tæplega sjö af hverjum tíu innflytjendum hafa búið á Íslandi í fimm ár eða lengur og meira en helmingur fluttist til landsins vegna vinnu. Einnig kemur fram að helmingur innflytjenda vill setjast að á Íslandi til frambúðar. Í skýrslunni má finna fjölmargar aðrar upplýsingar varðandi innflytjendur.

Í könnun Vörðu fyrir Eflingu kemur fram að 58,6 % félagsmanna þeirra eru af erlendum uppruna og 4,1% með erlendan bakgrunn og er það töluvert meira en í öðrum stéttarfélögum. Í skýrslu Eflingar kemur einnig fram að 41,6% innfæddra Eflingarfélaga hafa orðið fyrir hverskonar réttindabrotum síðastliðna 12 mánuði, miðað við 63,8% innflytjenda og 61,8% fólks með erlendan bakgrunn.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum - Íslenskir og erlendir ríkisborgarar



Heimild: Vinnumálastofnun, 2024


Atvinnuleyfi

Árið 2023 voru veitt 4.425 ný atvinnuleyfi. Nemur það um 5% samdrætti í leyfisveitingum frá fyrra ári. Má ætla að samdráttinn megi rekja til fjölgunar dvalarleyfa sem veita dvalarleyfishöfum heimild til ótakmarkaðrar atvinnuþáttöku hér á landi, þar með talið handhafa dvalarleyfa á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Flest leyfi voru veitt vegna sérfræðiþekkingar eða 431 og næstflest til námsmanna (284). 239 fengu atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli. 1585 leyfi voru framlengd og 137 beiðnum um ný leyfi var hafnað. Flest leyfin voru veitt Filippseyingum eða 497 og næstflest Bandaríkjamönnum (352). Flest leyfi fengu einstaklingar með menntun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (835) og næstflestir í ferðaþjónustu (660).

Heimild: [Vinnumálastofnun, 2024](#)

Útgefin atvinnuleyfi árið 2023



Starfsmannaleigur og þjónustufyrirtæki

Í desember 2023 voru starfandi 22 starfsmannaleigur og á vegum þeirra unnu 1526 einstaklingar. Langflestir voru frá Póllandi (662) og næstflestir frá Litháen (304). Karlmenn voru í miklum meirihluta eða 1494 á móti 78 konum. Langflestir voru í verkamannstörfum (1129) og næstflestir unnu við rafvirkjun (72). Þetta er mikil heildarfækkun frá árinu 2018 þegar alls störfuðu 3506 á vegum starfsmannaleiga.

Hjá erlendum þjónustufyrirtækjum unnu 1376 einstaklingar. Pólverjar voru flestir (199) og Litháar næstflestir (183).

Heimild: [Vinnumálastofnun, 2025](#)



MENNTUN OG TÓMSTUNDIR

Leikskóli

Á [heimasíðu Hagstofunnar](#) kemur fram að börn í leikskólum með erlent móðurmál voru 3.298 eða 16,9% af heildarfjölda barna á leikskólum á landinu og er það svipað og árið 2022. Börn sem fæddust á Íslandi en áttu báða foreldra fædda erlendis voru 1.816. Börn sem teljast innflytjendur voru 727.

Samkvæmt upplýsingum á vef [skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar](#) voru um 29% barna í leikskólum sveitarfélagsins fjöltyngd (tala fleiri en eitt tungumál). Algengustu tungumálin voru pólska, enska, spænska og arabíska. Á höfuðborgarsvæðinu öllu töldust 1991 barn með annað móðurmál en íslensku og á landsbyggðinni 1307.

Munur er á dreifingu tungumála eftir landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu tala hlutfallslega fleiri arabísku og spænsku, en á landsbyggðinni tala hlutfallslega fleiri pólsku og þýsku. Í töflunni fyrir neðan er hægt að sjá fjölda barna í stærstu tungumálahópunum og hlutfall tungumála á þessum svæðum.

Börn í leikskólum eftir uppruna	Fjöldi	%
Heildarfjöldi barna í leikskólum á Íslandi	19.765	
Börn fædd á Íslandi en báðir foreldrar erlendis	1.816	9,2
Innflytjandi	727	3,7
Börn fædd erlendis, annað foreldri einnig	300	1,5
Barn fæddist á Íslandi, annað foreldri erlendis	2.256	11,4
Börn með erlent móðurmál	3.298	16,7
Börn með erlent móðurmál - höfuðborgarsvæðið	1991	10
Börn með erlent móðurmál - landsbyggð	1307	6,6

Heimilid: [Hagstofa Íslands, 2025](#)

Fjöldi barna á leikskólum eftir móðurmáli árið 2023

	Börn alls á landinu	Höfuðborgarsvæðið %	Landsbyggðin %
Pólska	1.034	26	39
Enska	401	12,5	11,5
Arabíska	158	6,1	2,7
Litháska	135	4,9	2,7
Spænska	124	5,6	0,9
Filippseysk mál	113	3,8	2,9
Þýska	107	1,7	5,6
Rússneska	93	3,6	1,6
Serbókróatíska	86	1,8	3,8
Portúgalska	82	2,5	2,3
Úkraínska	76	2	2,7
Rúmenska	68	2,3	1,7

Heimild: [Hagstofa Íslands, 2025](#) <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/leikskolastig/>

Grunnskóli

Samkvæmt Hagstofunni höfðu árið 2023 tæp 30% nemenda í grunnskóla erlendan bakgrunn. Af þeim nemendum er sá hópur stærstur sem er fæddur á Íslandi en annað foreldrið fæddist erlendis, en það á við um tæp 9% nemenda. Frá fyrra ári hefur mest fjölgað í hópi innflytjenda, en þeim fjölgaði um 805 í rúmlega 3.700, og eru tæp 8% nemenda.

Nemendur með erlent ríkisfang voru 4.976 haustið 2023.

Haustið 2023 hafði 7.361 grunnskólanemendi erlent tungumál að móðurmáli, eða 15,5% nemenda, sem er fjölgun um tæplega 800 nemendur frá árinu áður. Hluti þessara nemenda hefur einnig íslensku **að** móðurmáli. Algengasta erlenda móðurmál nemenda var pólska sem var töluð af 2.163 nemendum. Næstalgengasta erlenda tungumálið var spænska, sem rúmlega 600 börn höfðu að móðurmáli, og svo arabíska sem var töluð af rúmlega 500 börnum. 4.241 barn fékk stuðning til íslenskunáms veturinn 2022 – 2023.

Mikið hefur verið rætt um stöðu barna af erlendum uppruna í tengslum við PISA- kannanir en slík könnun var ekki framkvæmd árið 2023. Líðan barna í skólum var þó rannsökuð það árið og fram kemur í íslensku æskulýðsrannsókninni Farsældarvísar fyrir árið 2023 að u.þ.b. helmingi fleiri börnum með erlendan bakgrunn** í 6., 8., og 10. bekk finnst þau utangarðs og um 8-10% fleiri en börn með íslenskan bakgrunn segjast einmana í skólanum. Töluvert færri börn með erlendan bakgrunn en íslenskan á unglingastigi fá aðstoð við heimanám. Stærsti munurinn er í 10. bekk eða 25%.

Þegar spurt er hversu oft viðkomandi hefur orðið fyrir einelti er einnig töluverður munur á börnum með íslenskan og erlendan bakgrunn og segjast börn á þessum aldri af erlendum uppruna hafa orðið oftar fyrir einelti eða mest um 8% í 6.bekk. Þau telja sig einnig eiga erfiðara með að eignast vini.

Ýmsar aðrar upplýsingar er að finna í þessari skýrslu sem varpar ljósi á stöðu barna á unglingastigi og eru þær aldrei jákvæðar fyrir börn með erlendan bakgrunn. Er ljóst að það hallar verulega á þennan hóp.

Heimild: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, 2025

Börn í grunnskólum eftir uppruna

	Fjöldi	%
Heildarfjöldi barna í grunnskólum á Íslandi	47.507	
Börn fædd á Íslandi en báðir foreldrar erlendis	2.900	6,1
Innflytjandi	3.731	7,9
Barnt fætt erlendis, annað foreldri einnig	1.483	3,1
Barn fætt á Íslandi, annað foreldri erlendis	4.205	8,9
		25,8
Börn með erlent móðurmál á landinu öllu	7.361	15,5
Börn með erlent móðurmál - höfuborgarsvæðið	4.720	9,9
Börn með erlent móðurmál - landsbyggð	2.641	5,6

Heimild: Hagstofan Íslands, 2025

Fjöldi barna í grunnskólum eftir móðurmáli árið 2023

	Börn alls á landinu	Höfuborgarsvæðið %	Landsbyggðin %
Pólska	2163	23,0	41,0
Spænska	621	9,0	7,0
Arabíska	506	7,6	5,6
Enska	490	7,0	5,6
Filippseysk mál	344	5,2	3,7
Víetnamska	329	6,7	0,5
Úkraínska	324	4,3	4,6
Litáíska	286	4,5	2,7
Rússneska	197	3,1	1,7
Taílenska	192	2,2	3,4
Þýska	168	1,4	3,9
Rúmenska	165	2,4	1,9

Heimild: Hagstofa Íslands, 2025

Framhalds- og háskólar

Erlendir ríkisborgarar á framhalds- og háskólastigi voru 8,2% af heildarfjölda nemenda. Þetta er hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara í námi ofan grunnskóla á Íslandi sem sést hefur í [tölum Hagstofunnar](#) en hlutfallið var 7,4% haustið 2022.

Í framhaldsskólum voru 1.642 innflytjendur sem er aukning frá árinu 2022 þegar 1.537 innflytjendur voru skráðir. Hlutfall milli drengja og stúlkna var nokkuð jafnt. Börn sem voru fædd á Íslandi en áttu báða foreldra fædda erlendis voru 566. Þessir tveir hópar voru því samanlagt u.þ.b. 10% af heildarfjölda nemenda. Hlutfall milli drengja og stúlkna var nokkuð jafnt.

Brotthvarf barna af erlendum uppruna úr framhaldsskólum hefur verið viðvarðandi áskorun árum saman og mikið um það rætt en ekki fengust upplýsingar um fjölda þeirra fyrir árið 2023.

Í [Tímariti félagsráðgjafa árið 2023](#) er fjallað um námsval innflytjenda við lok grunnskóla og kemur þar fram að 2,8% barna af íslenskum uppruna hefja ekki nám strax að loknum grunnskóla á móti 7,8% nemenda með innflytjendabakgrunn. Einnig að nemendur sem eru af fyrstu og annarri kynslóð innflytjenda er í meiri hættu á brotthvarfi frá námi í framhaldsskólum, samanborið við nemendur sem ekki hafa erlendan bakgrunn.

Í skýrslu [Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins](#) er þessi samanburður milli Norðurlandanna birtur:

Samanburður á snemmbæru brotthvarfi á milli Norðurlandanna


Land	Fædd(-ur) í landinu	Fædd(-ur) erlendis	Hlutfallstala (e. ratio) fyrir hverja 100 innfæddra
Ísland	17,7%	19%	107
Danmörk	8,8%	9,3%	106
Noregur	10,1%	13,4%	133
Svíþjóð	6,2%	15,5%	250
Finnland	7,9%	15,2%	192

Heimild: [European Commission, Eurydice report, 2025](#)

Eins og sjá má á töflunni er snemmbært brotthvarf mun algengara á Íslandi en hjá nágrannaþjóðunum, en í [skýrslunni](#) kemur fram að ýmislegt annað en þjóðerni hefur áhrif á brotthvarf.

Fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi sem njóta sérstakrar þjónustu vegna annars móðurmáls en íslensku, sem sækja svokallaða ÍSA- áfanga, hefur fjölgað umtalsvert á milli ára eða úr 683 vorið 2022 í 883 haustið 2023.

Fjöldi „ÍSA“ nemenda sem njóta sérstakrar þjónustu í framhaldsskólum



Heimild: [Forsætisráðuneytið, 2025](#)

Í háskólum landsins voru 2.211 innflytjendur skráðir og 143 nemendur sem voru fæddir hér á landi en áttu báða foreldra fædda erlendis. Á doktorsstigi voru 329 innflytjendur en enginn úr hópi þeirra sem fæddust á Íslandi en báðir foreldrar fæddust erlendis.

Heimild: [Hagstofa Íslands, 2024](#)

Skólar sem bjóða upp á deildir eða sérnám fyrir ungmenni af erlendum uppruna

Flestir framhaldsskólar landsins bjóða upp á áfanga í íslensku sem annað mál. Í nokkrum skólum eru nemendur með annað móðurmál en íslensku stór hluti nemenda, en ekki var til úttekt á því. Sem dæmi má þó nefna að í Menntaskólanum á Ísafirði voru 25% nemenda á haustönn með annað móðurmál en íslensku og af 1118 nemendum í Verkmenntaskólanum á Akureyri voru 69 nemendur af 23 þjóðernum með skráðan erlendan bakgrunn.

Þá nýtti Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 459 námskeiðspláss á árinu í íslensku sem annað mál.

Nokkrir framhaldsskólar bjóða sérstakar brautir fyrir ungmenni með annað móðurmál en íslensku og eru þær gjarnan hugsað til undirbúnings fyrir frekara nám á framhaldsskólastigi. Til að gefa hugmynd um það starf sem unnið er í framhaldsskólunum má nefna að Á Íslenskubraut Tækniskólans voru 130 nemendur af 45 mismunandi þjóðernum árið 2023.

Í Framhaldsskóla Suðurnesja var braut fyrir erlenda nemendur sem voru nýkomnir til landsins. Þar voru 36 nemendur skráðir á vorönn og 46 á haustönn.

Í Fjölbraut í Ármúla er svokölluð AM- deild (annað móðurmál) og um 20% nemenda tilheyra henni.

Framhaldsfræðslan, raunfærnimat og íslenskunámskeið

Í ársskýrslu Rannís 2023 kemur fram að þeim bárust 19 umsóknir vegna íslenskukennslu sem annars máls og fengu allar úthlutun. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hækkaði upphæð til úthlutunar um rúmlega 87 m.kr. frá fyrra ári og úthlutaði alls 232,65 m.kr. til íslenskukennslu á árinu. Samtals fengu fyrirtæki og stofnanir styrki til þess að halda 787 námskeið fyrir 8.929 nemendur á árinu. Það er rúmlega 30% fjölgun námskeiða og 41% fjölgun nemenda milli ára.

Einstaklingum með erlent ríkisfang hafði fjölgað verulega árin á undan í hópi þeirra sem sækja ráðgjöf, vottað nám og raunfærnimat hjá símenntunarmiðstöðvum. Árið 2023 voru, samkvæmt ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, 26% þeirra sem sóttu viðtöl um nám og störf með erlent ríkisfang og 12% þeirra sem luku raunfærnimati.

Hlutfall erlendra ríkisborgara er 49% þegar kemur að námskeiðum kenndum eftir námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt. 14% voru frá

Póllandi, 6% frá Úkraínu, 5% frá Venesúela og 23% frá öðrum löndum. Erlendir ríkisborgarar sækja einkum í ýmist starfstengt námsframboð en auk þess í íslensku sem er þá ýmist starfstengt mál eða almenn íslenska. Um 20% námskeiða eftir námskrám árið 2023 voru kenndar á öðru tungumáli en íslensku.

Mat á námi

Hjá ENIC-NARIC, sem sinnir akademísku mati á erlendu námi, eru gögn um menntun talin eftir landi þar sem gögnin eru gefin út en ekki eftir þjóðerni umsækjanda. Árið 2023 voru 3.985 mál tekin fyrir og þar af voru 196 frá Úkraínu og 252 frá Póllandi og voru það stærstu hóparnir. Má leiða líkum að því að langflestir umsækjendur í þessum hópum hafi verið frá þessum löndum.

Heimild: ENIC – NARIC, 2025

Tómstundir barna

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um tómstundabátttöku barna af erlendum uppruna á landsvísi árið 2023 en rannsóknir sýna að þau nýta niðurgreiðslur síður og taka síður þátt í skipulögðum íþróttum og frístundum en börn af íslenskum uppruna. Í skýrslu um verkefnið Frístundir í Breiðholti frá árinu 2023 er þetta skoðað sérstaklega og settar fram tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í tómsundastarfi.

Heimild: Reykjavíkurborg, 2025



OFBELDI

Þjónustunotendur Bjarkarhlíðar í Reykjavík voru 91% af íslenskum uppruna. Í 85% tilfella voru gerendur íslenskir. Til Bjarmahlíðar á Akureyri leituðu aðilar með erlent ríkisfang í 6% tilfella.

Konur sem dvöldu hjá Kvennaathvarfinu árið 2023 komu frá 45 löndum og voru 19% þeirra af erlendum uppruna. Þetta hlutfall er hærra en hlutfall kvenna af erlendum uppruna úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður tengslanet á Íslandi og gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Gerendur voru 72% íslenskir karlar.

Brotapolar sem leituðu til Stígamóta árið 2023 voru 88,9% af íslenskum uppruna en 4,4% voru af blönduðum uppruna og 6,6% frá öðrum löndum.



ANNAÐ

Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA)

Erlendir ríkisborgarar án lögheimilis sem hafa lent í þeim sérstöku aðstæðum að eiga ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér tímabundið á landinu án aðstoðar stjórnvalda geta sótt um aðstoð hjá sveitarfélögum. Árið 2023 bárust umsóknir frá 8 sveitarfélögum vegna 129 einstaklinga. Umfang ÚSA hjá Reykjavíkurborg var 6–10 manns á mánuði árið 2023 og var það langhæsta hlutfallið á landinu eða rúm 78%. Næstur kom Kópavogsbær með 6,2% umsókna.

Heimild: Vinnumálastofnun, 2025

Rauði kross Íslands

Rauði krossinn aðstoðar flóttafólk við fjölskyldusameiningar og leit að ættingjum. Á árinu voru 586 viðtöl veitt vegna leitarþjónustu og fjölskyldusameininga og er það töluverð fjölgun frá árinu 2022 þegar þau voru 498. Mikið álag var vegna átaka á Gaza og komu 50 manns í viðtöl tengd því. Í viðtalstíma fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd komu 5.132 einstaklingar. Rúmlega 16 þúsund manns fengu fatakort fyrir flóttafólk og 60 manns sóttu tilraunaverkefnið InterACT sem sporna á gegn jaðarsetningu.

Heimild: [Rauði kross Íslands, 2025](#)



Málefni döff fólks

Á eins árs tímabili frá vori 2022 til vorsins 2023 kom fjöldi döff einstaklinga til landsins, aðallega frá Úkraínu og varð sá hópur 32% allra meðlima Félags heyrnarlausra og aðrir af erlendum uppruna 8%.

Hjá félagi heyrnarlausra starfar atvinnumálafulltrúi. Sá fulltrúi tók viðtöl við 36 döff einstaklinga á fyrstu þremur ársfjórðungum 2023 og aðstoðaði þá við atvinnuleit. Þá voru 25 döff flóttamenn á vinnumarkaði.

Í Táknmálsdeild Hlíðaskóla voru 6 döff nemendur frá Úkraínu og 2 döff nemendur frá Írak.

Heimildir: [Félag heyrnarlausra, 2025](#) og [Hlíðaskóli, 2025](#)

Ráðgjafarþjónusta fyrir innflytjendur

Þann 1. apríl 2023 sameinuðust Fjölmenningarsetur og Vinnumálastofnun og rak ný Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar ráðgjafarþjónustu fyrir innflytjendur á Grensásvegi 9 frá þeim tíma og tóku á móti fyrirspurnum á staðnum, í síma, í netspjalli og með tölvupóstum. Alls bárust u.þ.b. 7000 erindi árið 2023. Helst var um að ræða fyrirspurnir og ráðgjöf við einstaklinga varðandi húsnæðismál, fjölskyldusameiningar, réttindi flóttafólks og almennar fyrirspurnir.

Heimild: Vinnumálastofnun, 2025

Þróunarsjóður innflytjendamála

Áherslur sjóðsins árið 2023 voru aukin lýðræðisleg þátttaka innflytjenda, aðgerðir gegn fordómum, haturstjáningu og ofbeldi og aðgerðir gegn margþættri mismunun. Umsóknarfresturinn var 15. desember og hlutu 17 verkefni alls 50 milljónir í styrki sem var formlega úthlutað 7. mars 2024.

Heimild: [Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025](#)

HEIMILDASKRÁ

Dómsmálaráðuneytið, Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Breytingar á lögum um dvalarleyfi útlendinga og vegabréfsáritanir](#)

Dómsmálaráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Reglugerðir á sviði alþjóðlegrar verndar eflidar](#)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Fólki með dvalarleyfi af mannúðarástæðum má nú strax hefja störf](#)

Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Forsætisráðuneytið, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytið, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/11/29/Radherranefnd-um-malefni-islenskrar-tungu-kynnir-adgerdir/>

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Fyrsta grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#)

Alþingi, 2025, [Lög um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir \(sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónustustöðvar\). | Þingtiðindi | Alþingi](#)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Samkomulag gert við Rauða krossinn um neyðaraðstoð og reglur skýrðar um aðstoð við fólk sem fengið hefur endanlega synjun um vernd](#)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | Aðgerðaáætlun vegna dvalar umsækjenda um alþjóðlega vernd í Reykjanesbæ á vegum Vinnumálastofnunar](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2024 - Hagstofa Íslands](#)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Grænbók í málefnum innflytjenda, 2025, [Graenbok_i_malefnum_innflytjenda_og_flottafolks - Copy \(1\).pdf](#)

RUV, 2025, [Leggjá niður Alþjóðastofu - RÚV.is](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni og fæðingarlandi 1996-2024. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Bakgrunnur - Hagstofa Íslands](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2024 - Hagstofa Íslands](#)

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, tölvupóstur 21.1.2025.

Hagstofa Íslands, 2025, [Veiting íslensks ríkisfangs eftir fyrra ríkisfangi, kyni og aldri 1991-2023. PxWeb](#)

Nordregio, 2025, [STATE OF THE NORDIC REGION 2024](#)

Útlendingastofnun, 2025, [Tölfræði | Útlendingastofnun](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Dvalarleyfi 2023 - Hagstofa Íslands](#)

Vinnumálastofnun, 2025, [arsskyrslur_2023.pdf](#)

Barna og fjölskyldustofa, 2025, [A_rssky_rsla_BOFS_2022_-_2023.pdf](#)

Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA) Forsætisráðuneytið, 2025, [Skýrsla forsætisráðherra um árangur í móttöku og aðlögun erlendra ríkisborgara](#)

Forsætisráðuneytið, 2025, [Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður.pdf](#)

Varða, 2024, Staða launafólks á Íslandi, [61b738_42efc9dcc153415fa4726d21f521985e.pdf](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Leikskólastig - Hagstofa Íslands](#)

Reykjavíkurborg, 2025, [Skóla og frístundastarf í tölum - Menntastefna](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Framhaldsskólastig - Hagstofa Íslands](#)

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, 2025, Íslenska æskulýðsrannsóknin 2023, [IAE23_farsaeld_birt_0.pdf](#)

Félagsráðgjafafélag Íslands, 2025, [Árgangur 17, nr. 1, 2023 – Félagsgjafafélag Íslands](#)

Hagstofa Íslands, 2025, [Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir afmörkuðu sviði, ríkisfangi, kyni og aldri 1997-2017. PxWeb](#)

ENIC – NARIC, tölvupóstur 15.1.2025

Rannís, 2025, [Ársskýrsla Rannís](#)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2025, [Ársskýrsla 2023 – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#)

Reykjavíkurborg, 2025, [8 Frístundir í Breiðholti - skýrsla og tillögur. MSS23040148..pdf](#)

Kvennaathvarfið, 2025, [Ársskýrsla Kvennaathvarfsins SUK Skýrsla 2023](#)

Bjarkarhlíð, 2025, [Ársskýrsla 2023](#)

Bjarmahlíð, 2025, [Arsskyrsla-Bjarmahlidar-2023.pdf](#)

Stigamót, 2025, [Stigamot_Arsskyrsla_2023_lokaeintak.pdf](#)

Rauði krossins á Íslandi [Ársskýrsla 2023_vefur_2.indd](#)

Félag heyrnarlausra, 2025, Samantekt af málefni Döff flóttafólks á Íslandi Febrúar-Júlí 2023

Hlíðaskóli, tölvupóstur, 30.1.2025

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2025, [Stjórnarráðið | 17 verkefni fengu styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála – áhersla lögð á lýðræðislega þátttöku og baráttu gegn fordómum og mismunum](#)

** Fyrir sumar spurningar eru sýndar niðurstöður eftir bakgrunni svarenda. Skiptingin byggir þá á svörum um fæðingarlönd foreldra og teljast börn hafa erlendan bakgrunn ef báðir foreldrar eru fæddir erlendis, annars íslenskan bakgrunn. Ekki er gerður greinarmunur á innflytjendum af fyrstu og annarri kynslóð og því er ekki litið til fæðingarlands svaranda. Ef aðeins er svarað um fæðingarland annars foreldris ræður það land flokkun. Skiptingu svarenda eftir bekk



APRÍL 2025